



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Veitnanefndar 4.fundur**

Fundur að Hlíðavegi 6, 14. desember 2007 kl. 10:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Jón Óskar Ferdinandsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund.

### **2. Drög að gjaldskrárhækkun fyrir hitaveitu.**

Fyrir fundinum liggja drög að hækkun gjaldskrár fyrir hitaveituna. Þar er lagt til að hækkunin nemi 27,5%. Veitnanefnd telur að þrátt fyrir að umrædd hækkun dugi ekki til að halda í við verðlagsþróun s.l. fjögurra, en þá hækkaði gjaldskráin síðast, og að fyrir dyrum standi áframhaldandi endurnýjun veitunnar, þá verði ekki hækkað meira núna en sem nemur 18%. Hins vegar sé ljóst að ekki verði komist hjá annarri hækkun á næsta ári.

### **3. Rekstraráætlun fyrir Varmaskiptastöð 2008.**

Fyrir fundinum liggja drög að rekstraráætlun fyrir Varmaskiptastöð unnin af Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að kostnaður við eftirlit og sýnatökur nemi kr. 315.646. Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi áætlun.

### **4. Önnur mál.**

Veitnanefnd beinir þeim tilmælu til nefndar sem fer með samningsmál við landeigendur í Vogum vegna deilu um hitaveitu að málinu verði lokið sem fyrst.

Fleira ekki gert,  
fundir slitið

Kristján Steingrímsson,  
Lárus Björnsson,  
Yngvi Ragnar Kristjánsson